

Aðalfundur LÍ
1. nóvember 2024

Ályktun
um ráðstöfun fjármuna Læknafélags Íslands
sem félagið fékk endurgreitt vegna Lækningaminjasafns.

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 1. nóvember 2024 felur stjórn félagsins að stofna sjóð sem valið verði nafnið Lækningaminjasjóður Jóns Steffensen.

Í sjóðinn renni endurgreiðsla ríkissjóðs til Læknafélags Íslands árið 2021 eftir að ríkið keypti Lækningaminjasafn, samtals 43.615.455 kr. ásamt áföllnum vöxtum.

Hlutverk sjóðsins verði að vinna að söfnun fræðaefnis um sögu læknisfræði á Íslandi, styrkja vísindarannsóknir á lækningaminjum, lækningasögu og heilbrigðissögu, framleiðslu kynningarefnis og uppsetningu sýninga um sögu læknisfræðinnar.

Stjórn Læknafélags Íslands setji sjóðnum stofnskrá þannig að hann starfi samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá, nr. 19/1988.